

## LAUNASTEFNA NORÐURORKU

---

Norðurorka er veitufyrirtæki sem þjónustar heimili og atvinnulíf með vinnslu og dreifingu á heitu vatni og neysluvatni, dreifingu á raforku og rekstri fráveitu.

Stefna fyrirtækisins er að hafa yfir að ráða hæfu, ábyrgu og áhugasömu starfsfólki sem sameiginlega skapar vinnuumhverfi, sem einkennist af metnaði og jákvæðni.

Launastefnu Norðurorku er ætlað að styðja við farsælan rekstur fyrirtækisins og tekur til alls starfsfólks þess. Markmið launastefnu er að launamunur starfsfólks Norðurorku sé málefnalegur og að tryggja öllu starfsfólki sömu laun fyrir sömu störf og jöfn kjör fyrir jafn verðmætt vinnuframlag.

Norðurorka fylgir eftirfarandi áherslum:

- Laun eru greidd í samræmi við lög og reglur og gildandi kjarasamninga.
- Norðurorka greiðir laun í samræmi við niðurstöður starfsmats Norðurorku, sem jafnlaunavottun fyrirtækisins grundvallast á. Starfsmat gerir grein fyrir kröfum hvers starfs um hæfni, ábyrgð, samskipti, vinnuumhverfi og álag. Einnig er horft til niðurstaðna þeirra kjarakannana sem Norðurorka er aðili að.
- Launaákvæðanir skulu byggðar á málefnalegum forsendum sem hægt er að rökstyðja og á grundvelli launagreiningar, sem framkvæmd skal árlega. Í launagreiningu eru sömu eða jafn verðmæt störf borin saman til að greina hvort launamunur sé til staðar, kynbundinn eða annar. Starfsfólki eru kynntar þær niðurstöður.
- Brugðist er við óútskýrðum launamun með stöðugum umbótum og eftirliti.
- Allar ákvarðanir um laun eru framkvæmdar samkvæmt verklagsreglum í gæðakerfi Norðurorku sem tryggja að allar launaákvæðanir séu teknar með sama hætti fyrir alla.
- Starfsfólk getur óskað eftir launasamtali við sinn yfirmann. Telji yfirmaður þörf á endurskoðun vísar hann rökstuðningi þar um til mannauðsstjóra sem þá sér um framhald málsins.
- Launastefna þessi samræmist mannauðsstefnu Norðurorku.

Mannauðsstjóri er ábyrgur fyrir innleiðingu á jafnlaunakerfi og viðhaldi þess í samræmi við Jafnlaunastaðalinn ÍST 85:2012 Mannauðsstjóri ber einnig ábyrgð á að kynna launastefnuna fyrir öllu starfsfólki Norðurorku sem og að skila skýrslum til æðstu stjórnenda um jafnlaunakerfið, gæði þess og skilvirkni, sem og tilmælum um úrbætur.

Forstjóri ber ábyrgð á launastefnu þessari, sem nær til alls starfsfólks Norðurorku hf.

Jafnlaunakerfið er hluti af gæðakerfi Norðurorka og eru öll skjöl sem heyra undir það vistuð í tölvukerfi fyrirtækisins. Launastefna þessi skal gerð aðgengileg bæði starfsfólki og almenningi á heimasíðu fyrirtækisins.